

116/00 - Bv. Akureyrin EA-110

Akureyrin EA-110, skipverji slasast þegar hann klemmist á milli stálkars og bobbingagarðs

Bv. Akureyrin EA-110

Skipaskr.nr.: 1369

Smíðaður: í Þóllandi 1974 úr stáli

Stærð: 882,20 brl; 1.318,00 bt

Lengd: 71,85 m **Breidd:** 11,30 m **Dýpt:** 7,30 m

Vél: Sulser 2.868,00 kW **Árgerð:** 1974

Annað: skipið var lengt 1995

Földi skipverja: 26



Akureyrinn ©Jón Sigurðsson

Atvikalýsing

Hinn 6. desember 2000 var bv. Akureyrin EA-110 að veiðum á AKantinum norður af Patró@. Veður: NA 8 vindstig, töluluverð alda.

Verið var að hífa upp veiðarfæri og var eftir að hífa nokkra faðma til að fá hlerana í gálga þegar hífing var stöðvuð. Var skipinu snúið til að fá vind og sjó inn á bakborðshliðina. Þegar skipið lá þvert fyrir vind valt það talsvert. Í einni veltunni sem varð um 30° var einn skipverja að stíga úr veiðarfærarenunnini og yfir í gang bakborðsmegin. Hann ætlaði að ná í stroffur er voru á fiskkari úr járni er var í bakborðssíðu. Þegar hann steig út úr veiðarfærarenunnini skreið karið til, með keðjum og fleira dótí í, undan hallanum á skipinu og varð fótur skipverjans á milli járnkarsins og bobbingarenngugarðs. Skipsfélagar mannsins komu fljóttlega að og náðu að ýta karinu frá og losa hinn slasaða.

Hlúð var að hinum slasaða um borð, lokið við að ná inn veiðarfærinu og síðan var skipinu siglt til Ísafjarðar þar sem honum var komið til frekari aðhlyninggar.

Við rannsókn kom fram

- að sögn skipstjóra hafði karið á sínum tíma verið rafsoðið fast við dekkið;
- að eftir ljósmyndum að dæma hafi tveir vinklar verið soðnir í þilfarið til að halda við stálkarið;
- að talið er að þyngd kars og þess sem í því var hafi verið milli 200-300 kg;
- að sögn slasaða hafði karið verið fært til þegar unnið var við viðgerð á spilmótor og ekki gengið frá því aftur á fullnægjandi hátt. Karið hafi ekki verið í skorðum á þilfarinu og ekki bundið þegar slysið varð;
- að viðgerðin var ekki framkvæmd af skipverjum.

Nefndarálit

Nefndin telur að ástæða slyssins sé sú að ekki hafi verið gengið frá karinu á fullnægjandi hátt.